



Hjólabrettaskál í Kópavogsdal

Umsókn um framkvæmdaleyfi

One:24061047

Dags. 02.07.2024 /DBV

Minnisblað

Ármann Halldórsson deildarstjóri framkvæmdadeildar sækir um framkvæmdaleyfi f.h. Kópavogsbæjar fyrir hjólabrettaskál við Smárahvammsvöll í Kópavogsdal.

Á fundi bæjarráðs þann 6. júlí 2023 var samþykkt að vísa til skipulagsráðs til afgreiðslu tillögu að staðsetningu hjólabrettaskálar við Smárahvammsvöll. Tillagan var sett fram á yfirlitsmynd í mkv. 1:400 dags. 24. nóvember 2022. Á fundi skipulagsráðs þann 21. ágúst 2023 var tillagan lögð fram og henni vísað til umsagnar skipulagsdeildar. Á fundi skipulagsráðs þann 4. september s.á. var tillagan lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsdeildar dags. 31. ágúst 2023. Niðurstaða umsagnarinnar var eftirfarandi: „*Umrætt svæði er skilgreint í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem íþróttasvæði, ÍP-4 og merkt sem leiksvæði L. Í gildi er deiliskipulag Kópavogsdals, útivistarsvæði, samþykkt 22.05.1990. Gerðar hafa verið 11 breytingar á því skipulagi, sjá yfirlit framar (og uppdrætti í fylgiskjali 2). Það er mat skipulagsdeildar að tillaga að staðsetningu hjólabrettaskálar sé í samræmi við aðal- og deiliskipulag.* „

Neðangreint er umfjöllun um framlagða umsókn en skipulagsdeild vekur athygli á að framkvæmdin er ekki framkvæmdaleyfisskyld sbr. 13 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Að öðru leiti er vísað til ofangreindrar umsagnar skipulagsdeildar dags. 31. ágúst 2023 um staðsetningu við Smárahvammsvöll í Kópavogsdal.

Í aðalskipulagi er samantekt vinnustofufundar númer tvö sem var haldinn þann 10. október 2019 með hagsmunaaðilum Kópavogsbæjar. Þar segir:

„**fjölga opnum svæðum** sem henta ungmennum og unglingum (stað til að vera á)“

Ekki er nein skál af sama tagi á Íslandi.



Staðsetningin er austan við tennishöll merkt með gráu á teikningu.



1. Hugmynd frá Landmótun ehf 2022 um hvernig hjólabrettaskálin geti verið hluti þess svæðis / íþróttasvæðis. Myndin er ekki í mælikvarða.

Af kortasjá sést að svæðið er nú þegar raskað og af framkvæmdinni myndi **ekki hljóta frekara rask.**

Svæðið var notað fyrir áramótabrennur en hefur verið aflagt sem slíkt.





Mynd 1 Steypt hjólabrettaskál.

Eftirfarandi klausa er af vísindavef:

Það var þó ekki fyrr en árið 1995 sem fyrsta stórmótið á hjólabrettum var haldið og hjólabrettaiðkun fékk **lögmeða viðurkenningu sem íþróttagrein**. Hjólabrettin hafa því í gegnum tíðina haldið áfram að breytast og þróast og lagast að nýjum aðstæðum og breyttri notkun.

Ekki er vitað um hjólabrettafélag starfandi í Kópavogi. Félög eru starfandi í Reykjavík og Hafnarfirði, þar er innanhúsaðstaða með römpum á báðum stöðum.

Fjarlægð í næstu íbúðir og hljóðvist

Staðsetningin er heppileg með tilliti til fjarlægðar í nærliggjandi íbúðabyggð. Hljóðstyrkur minnkar með aukinni fjarlægð frá upptökum.

Ekki eru til sérstakar reglur um fjarlægð hjólabrettaskála frá íbúabyggð en samkvæmt alþjóðlegum leiðbeiningum um hávaðamengun í íbúðarhverfum (Guidelines for community noise frá World Health Organisation (WHO)) er almennt talið að hávaðastig yfir 55 dB geti verið truflandi fyrir íbúðarbyggð. Mælt er með því að hafa hjólabrettaskálar í **100-200 metra** fjarlægð frá íbúabyggð, þá er líklegt að hávaðinn verði lægri en þessi mörk.

Lauslega mælt er skálin í **rúmlega 130 m** fjarlægð frá þeirri íbúð sem næst er. Aðrar vegalengdir sem voru mældar voru eru gular línur og eru á gráum reit á næsta skjáskoti.



Mesti hávaði af hjólabrettum er þegar hjólin fara yfir brúnir og rifur í gangstéttum og hellum í borgarrými sem **er ekki hannað** fyrir hjólabrettanotkun. Þessi skál yrði úr sléttri steypu sem er mun hljóðlátara efni en t.d. ef hún væri úr stáli. Skálin er ofan í jörðinni og hávaði því hverfandi.

Samkvæmt leiðbeiningum Public skatepark development guide, er hávaði frá svona skál svipaður og frá leikvelli. Rannsóknir sýna að hæstu hljóðin eru þegar brettin lenda eftir „hopp og trikk“.

Hægt væri að setja hljóðmanir umhverfis sem mótvægisáðgerð ef þörf er talin á því, og hugsanlega bæta við trjám og gróðri umhverfis sem hefur hljóðdempandi áhrif. Hljóðmanir geta einnig fegrað umhverfið ef gætt er að hönnun þeirra.

Heildarsýn fyrir Kópavogsdal

Eitt grundvallaratriðið sem starfshópurinn leggur á er að skapa þarf aðstöðu / aðstæður fyrir frekari vöxt skipulagðrar íþróttastarfsemi í Kópavogsdalnum sem og útivist fyrir Kópavogsbúa almennt. Þar sem **ekki er neitt nýtt gróðurmark** samræmist staðsetningin markmiðum um náttúruvernd og **ekki er þrengt að grænum svæðum**.



Fram kemur í kafla um íþróttasvæði:

Íþróttastarf er í miklum blóma í Kópavogsdal. Tryggja þarf að það geti eflst og dafnað til framtíðar fyrir alla aldurshópa og **fjölbreyttar íþróttagreinar** og mætt fjölgun iðkenda.

Með hjólabrettaskál er **fjölbreytni aukin**.

Fram kemur að:

- Hjólabrettaskál eða aðstaða fyrir hjólaíþróttir hlaut **mikið fylgi** í íbúasamráðinu og mætti koma slíkri aðstöðu upp í dalnum, t.d. nærri ærslabelgnum.
- Minnst er á þennan reit að hann verði að uppfæra og bæta.
- Samhliða því sem aðstaða Breiðabliks er endurskoðuð, verði hugað að **fjölbreyttri notkun Smárahvammsvallar og næsta nágrenni hans** með t.d. aðstöðu fyrir jaðaríþróttir, minni boltavelli og sem samkomusvæði fyrir bæjarhátíðar eða aðra viðburði, o.þ.h.

Í skýrslu um leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi (frá 2022) kemur fram að svæðið sé eitt af þeim svæðum sem hafa verið skilgreind sem „stórt og fjölbreytt aðalleiksvæði“.

Samráð við íbúa

Inni á samráðsvef betra Íslands er tillaga um hjólabrettaskál á Rútstúni. Hugmyndin fær **106 atkvæði** og fjölmargar athugasemdir sem tekið er vel í hugmyndina. Flestar athugasemdirnar sem eru „á móti“ hugmyndinni, fjalla um að staðsetning á Rútstúni sé óhentug en að öðru leyti sé hugmyndin fín.

Örfá dæmi um rök frá íbúum með skálinni :

- Löngu tímabært að gera eitthvað fyrir þennan hóp.
- Hjólabrettaskálar eru frábær leið til að **drífa alla frá skjánum** og út að leika sér.
- Fyrir þá sem eru á móti þessu, þetta **minnkar** hjólabretta umferð á algengum stöðum eins og í **Hamraborg**.
- Þetta er virkilega flott hugmynd! Það hefur aldrei verið steipt Bowl hér á landi, og er klárlega komin tími til enda allt morandi í þessu í Skandinavíu.

Í OK (okkar Kópavogur) III. var kosin inn tillaga að ærslabelg í Smárahverfi og var hann settur upp árið 2021 á svæði í Kópavogsdal, norðan bílastæða og austan við Tennishöllina. Gerð er tillaga um að þarna, í nágrenni við þar sem áramótabrennan var áður fyrr, verði aðalleiksvæði Smárans.



Félagsleg áhrif og samfélagsleg jákvæðni

1. **Ungmennni og félagslíf:** Hjólabrettaskálar eru frábærir staðir fyrir ungmenni að hittast og stunda sína áhugamál. Fólk á öllum aldri notar hjólabretti en aðalaldurshópur iðkenda hjólabretta er yfirleitt ungmenni **á aldrinum 10-25 ára**. Þetta aldursbil er mikilvægt þegar kemur að félagsmótun og heilbrigðri afþreyingu.
2. **Samfélagsleg samheldni:** Með því að bjóða upp á örugga og skipulagða aðstöðu fyrir hjólabrettaiðkun stuðlum við að félagslegri samheldni. Ungmennni kynnast og eiga samskipti við fólk úr mismunandi hverfum og bakgrunni, sem styrkir samfélagsandann.

Heilsuefning og vellíðan

1. **Líkamleg heilsa:** Hjólabrettaiðkun er **góð líkamsrækt** sem eykur styrk, jafnvægi og samhæfingu. Það hvetur ungmenni til að stunda reglubundna **hreyfingu**, sem er mikilvægt fyrir heilsu þeirra og vellíðan.
2. **Andleg heilsa:** Hreyfing og félagsleg samskipti í hjólabrettaskálum stuðla einnig að bættri andlegri heilsu. Þetta er mikilvægur þáttur **í forvörnum** gegn kvíða og þunglyndi, sérstaklega meðal ungmenna.

Öryggi og umhverfisáhrif

1. **Örugg aðstaða:** Skipulögð aðstaða eins og hjólabrettaskálar **draga úr hættu á slysum** sem geta átt sér stað ef ungmenni nota önnur svæði sem eru ekki ætluð til hjólabrettaiðkunar. Þetta gerir sportið öruggara bæði fyrir iðkendur og almenning.
2. **Umhverfisvernd:** Hjólabrettaiðkun í skipulögðum skálum hefur **minni áhrif á önnur opinber svæði** og mannvirki sem annars gætu orðið fyrir **sliti og skemmdum** vegna óskipulagðrar notkunar. Einnig er stefnt að **svansvottun** skálarinnar.

Efnahagslegir kostir

1. **Ferðamennska og atvinnusköpun:** Hjólabrettaskálar geta dregið að sér ferðamenn og viðburði, sem eykur umsvif í sveitarfélaginu og gæti skapað atvinnu. Þetta getur haft jákvæð áhrif á staðbundið efnahagslíf.

Sameinuðu þjóðirnar og sjálfbærni

Hjólabrettaskálar geta tengst markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á ýmsa vegu:

1. **Markmið þrjú 3: Heilsa og vellíðan:** Með því að stuðla að aukinni hreyfingu og bættri andlegri heilsu ungmenna.
2. **Markmið 4: Menntun fyrir alla:** Hjólabrettaskálar geta verið vettvangur fyrir óformlega menntun, þar sem ungmenni læra t.d. samvinnu, aga og virðingu.



3. **Markmið 11: Sjálfbærar borgir og samfélög:** Með því að skapa örugg, og aðgengileg svæði fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.



Í heildina séð þá eru hjólabrettaskálar mikilvægir fyrir **heilsu, félagslíf og umhverfi** í stórum sveitarfélögum og stuðla að **sjálfbærri þróun og samfélagslegri vellíðan**.

Nokkrar greinar úr skipulagslögum sýna ákvæði sem geta stutt við uppbyggingu hjólabrettaskálar. Hér eru nokkur atriði í skipulagslögum sem styðja við byggingu hennar:

[Skipulagslög nr. 123/2010](#)

1. **Markmið skipulagslaga (1. gr.):**

- Í 1. gr. skipulagslaga kemur fram að markmið laganna sé m.a. að stuðla að skynsamlegri nýtingu lands og náttúruauðlinda, verndun umhverfis og að **stuðla að heilbrigði og öryggi íbúanna**. Uppbygging hjólabrettaskála fellur vel að þessum markmiðum þar sem slíkar aðstæður stuðla að bættri heilsu, auknu öryggi og skynsamlegri nýtingu landsvæðis fyrir tómstundir.

2. **Samráð og íbúalýðræði (40.gr):**

- Lögin leggja áherslu á að hafa samráð við íbúa og hagsmunaaðila við skipulagsgerð. Þetta þýðir að sveitarfélög þurfa að taka tillit til óska og þarfa íbúa, þar á meðal ungs fólks sem oftast notar hjólabrettaskálar. Með því að hafa samráð og fá jákvæða endurgjöf frá íbúum getur sveitarfélagið betur rökstutt og réttlætt uppbyggingu slíkrar aðstöðu. Eins og kom fram hér ofar hlaut hugmyndin 106 atkvæði.

Niðurlag

Í heildina fellur hjólabrettaskál vel að markmiðum skipulagsáætlana og skipulagslaga. Hún myndi auka fjölbreytni í framboði á afþreyingu og er góð viðbót við svæðið. Svæðið er líka vel tengt með göngustígum sem gefur fólki tækifæri til þess að fara þangað á brettinu sjálfu.

Staðsetning skálarinnar er ekki of nálægt íbúðabyggð svo hún ætti líklega ekki að valda íbúum ónæði, en mótvægisáðgerðir væru mögulegar.

Skipulagsdeild lítur því jákvætt á erindið með tilvísun í fyrri umsagnir deildarinnar um staðsetninguna og leggur til að skipulagsráð samþykki staðsetningu skálarinnar á leiksvæðinu við Smárahvammsvöll.